

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á



Fimmtudagur 6. júlí 2017 | 26. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Jon Ariluss
KÖKULIST

Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655



Vantar allar gerðir eigna á söluskrá!

Hafið samband við sölumenn okkar.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.


Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200



Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • facebook/vonmathus

MATHÚS BAR

VON

Um 225 milljónir kostar að laga húsið

Bærinn keypti hús St. Jósefsspítala á 100 milljónir kr.

Eftir að ákveðið var að kaupa húsnæði St. Jósefsspítala var loks upplýst í bæjarsjórn að það kostaði 225 milljónir kr. hið minnsta að koma húsnæðinu í stand fyrir svipaða starfsemi og þar var þar áður. Er þetta samkvæmt frummati verkfræðistofunnar Strendings sem unnið var fyrr á þessu ári.

Áætlaður viðhaldskostnaður er um 3,7 milljónir kr. á ári og gróft mat á árlegum rekstrarkostnaði er um 9,4 milljónir kr. en það er háð því hvaða rekstur er í húsinu og inni í

þeirri tölu eru ekki þættir eins og ræsting, öryggiskerfi og sorphirða. Ekki er vitað hvað á að vera í húsinu enn þó heyrst

hafi að Landspítalinn hafi sýnt áhuga á að færa Barna- og unglingageðleild þangað vegna myglu í eigin húsi.



Mynd: Guðni Gíslason

Mikið þarf að gera við gamla húsnæði St. Jósefsspítala.

AS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600

Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGGA

Okkar stærsta sumarútsala
FRÁ UPPHAFI

SUMAR ÚTSALAN

20-50%
AFSLÁTTUR

Þín verslun í Hafnarfirði

Byggjum á betra verði

FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HÚSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. Eða MEIRA



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066, fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



leiðarinn

Bæjarstjórn samþykkti nýtt skipulag fyrir Kaldársel og svæðið þar í kring. Tillögur voru auglýstar á hefðbundinn hátt en líklegt er að fæstir bæjarbúar hafi áttað sig á því hvað væri í vændum. Það er í hnotskurn kynning á skipulagsbreytingum í Hafnarfirði og eflaust fleiri sveitarfélögum. Virðist áhuginn vera meiri að uppfylla bókstaf laganna en að kynna bæjarbúum hvað er verið að fara að gera eða fá uppbyggilegar ábendingar bæjarbúa. Ætli margir viti að bílastæði verða um 500 metrum fjær núverandi bílastæðum? Ætli margir viti að núverandi vegir að vatnsbólinu verði aðeins þjónustuvegir, ekki opinir almennings? Ætli margir viti að hugmyndir eru uppi um að gera brú ofan á hleðsluna yfir Lambagjá? Nei, líklega ekki enda er kynning ekki með þeim hætti að líklegt sé að bæjarbúar hafi séð neitt um þetta.

Hleðslan er hluti af gríðarlega merkilegri vatnsveitu þar sem vatni var fleytt í 1.600 m tréstocki á grjóthleðslum frá vatnsbólinu, yfir Lambagjá og hleypt svo niður í hraunið á aðrennissvæði Lækjarbotna er þar kom vatnið upp einhverjum dögum síðar.

Það væri miklu nær og löngu tímabært að endurbýggja þessa vatnsveitu, a.m.k. hluta hennar svo á hleðslunni yfir Lambagjá mætti sjá vatnsstockinn frekar en að setja þar óþarfa göngubrú. Ekki einu sinni eru skilti við þessi mannvirki sem segir sögu þess en slíkt skilti mun þó vera að finna í Lækjarbotnum, innan Setbergshverfisins, þar sem vatnið kom upp.

Skipulagsmál skipta alla bæjarbúa máli og mikilvægt að kynning á þeim verði með miklu betri hætti en í dag er og með þeim hætti að fólk skilji auðveldlega að hverju sé stefnt og að það vekji áhuga bæjarbúa.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
Vaktisimar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Söngur og sól á Ítalíu

Kvennakór Hafnarfjarðar söng við rætur Dólómítafjallanna

Kvennakór Hafnarfjarðar er nýkominn úr vel heppnuðu söngferðalagi til Norður-Ítalíu. Undirbúningur ferðarinnar hafði staðið yfir um nokkurt skeið og fullur tilhlökkunar lagði hópurinn af stað til Ítalíu í byrjun júní. Nokkrir makar kórkvenna slógust með í för og var heildarfjöldi þátttakenda tæplega 60.

Ferðin var skipulögð af Eldhúsförðum og leiddu fararstjórar þeirra hópinn um stórbrotna náttúrufegurð þessa landsluta og kynntu honum sögu hans og menningu að ógleymdri matarlistinni sem þar blómstrar. Kórinn söng sína aðaltonleika við góðar undirtektir í Corpus Domini kirkjunni í borginni Bolzano og að loknum tónleikum buðu gestgjafarnir kórkönunum og mökum þeirra upp á glæsilegt veisluhlaðborð sem svignaði undan heimatilbúnum smáréttum og tilheyrandi veigum.

Kvennakór Hafnarfjarðar tók lagið víða þar sem tækifæri gafst til, meðal annars við Gardavatnið og í Dólómítafjöllunum þar sem söngur kórsins hljómaði yfir fjallatoppa í 2.950 m hæð. Einnig hlaut kórnum sá óvænti heiður að fá að vera með opna æfingu í fagurri miðaldadómkirkju sem stendur við aðaltorgið í Bolzano.

Hópurinn undi sér vel við söng á Ítalíu en öll ævintýri taka enda og



Í skoðunarferð í Brixen, mitt á milli Bolzano og Brenner skarðsins.

eftir vikudvöl í sól og hita var haldið heim á ný. Æfingar Kvennakórs Hafnarfjarðar hefjast að nýju á haustdögum þegar kórfélagar mæta til leiks að nýju með góðar minningar úr Ítalíuförinni í farteskinu. Þær konur sem

hafa áhuga á að slást í hópinn og syngja með Kvennakór Hafnarfjarðar eru hvattar til þess að fylgjast vel með þegar auglýst verður eftir nýjum kórfélögum í sumarlok.



Sungið í dómkirkjunni í Bolzano.

Vilja lækka hraða á Reykjanesbraut

Samstaða um að lækka hraða í 80 km frá Hvassahrauni að kirkjugarði

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hefur tekur undir tillögu Vegagerðarinnar um lækun á hámarkshraða á Reykjanesbrautinni frá Hvassahrauni að Kaldárselsvegi úr 90 km/klst í 80 km/klst.

Óskar ráðið jafnframt eftir því að settar verði upp hraðamyndavélar til að framfylgja hraðatak-mörkunum en engar hraðamyndavélar eru í Hafnarfirði og heldur ekki á Reykjanesbraut.



Líðin: Guðni Gíslason



JOHN WAYNE 200GR



FISH AND CHIPS



PÍTA MEÐ BUFFI/KJÚKLING

Burger★inn

Flatahrauni 5a Hfj. ★ Sími: 555 7030

Opíð alla daga frá kl. 11:00 til 22:00

Kíktu á matseðilinn á
www.burgerinn.is



BBQ KJÚKLINGUR Á TEINI



BURGER SALAT



NAUTA SIRLOIN 200GR

13 einbýlishúsalóðir til úthlutunar

Óskað eftir tilboðum frá lögaðilum í 26 einbýlishúsalóðir

Hafnarfjarðarbær hefur auglýst eftir tilboðum lögaðila í 26 tvíbýlishúsalóðir, 6 raðhúsalóðir og 6 fjölskylduhúsalóðir.

LÓÐUM UNDIR 54 HÚS ÚTHLUTAÐ

Þrettán einbýlishúsalóðum og 18 parhúsalóðum (36 hús) verður úthlutað, en einungis til einstaklinga. Dregið verður í númeraröð úr gildum um-

sóknum og markar númer jafnframt röðun í vali á lóðum í hverfinu. Stefnt er að því að draga úr umsóknum 7. september. Tveir einstaklingar þurfa að sækja um parhúsalóð og standast 40 milljón kr. greiðslumat per hús.

Lágmarksverð á einbýlishúsalóð miðað við 220 m² hús er rúmar 12 milljónir kr. og tæpar 9,8 milljónir kr. fyrir parhúsalóð þar sem miðað er við 200 m² hús.


Þeir lögaðilar sem bjóða í lóðir þurfa að greiða a.m.k. lágmarksverð.

ALMENNAR ÍBÚÐIR

Unnið er að deiliskipulagsbreytingu á lóðum nr. 3, 7, 11 og 15 við Drangsskarð og nr. 12, 16, 20 og 24 við Hádegisskarð þar sem gert er ráð fyrir að íbúðum verði fjölgað úr 2 íbúðum í 3-4 íbúðir á lóð. Gert er ráð fyrir að á lóðunum verði byggðar almennar íbúðir skv. lögum nr.

52/2016 en það eru leiguíbúðir sem eiga að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, sem eru undir tekju- og eignamörkum. Þær lóðir eru ólitaðar á yfirlitsteikningunni hér að neðan.

Fjölskylduhúsin eru hugsuð sem þrjár einingar, tvær til þrjár íbúðir. Tvíbýlishús sem tengjast saman með bílskúr eða vinnustofu, eða þrjár íbúðir. Gert er ráð fyrir 8 fjölskyldulóðum í 2. áfanga Skarðshlíðar.



Hafnfirðingar bíða lengst allra eftir félagslegu húsnæði

Samkvæmt árlegri könnun Velferðaráðuneytisins fjölgaði félagslegum íbúðum á landinu um 2% milli ára 2015 og 2016. Langstærstur hluti fjölgunarinnar átti sér stað í Reykjavík en biðtími eftir félagslegu húsnæði er lengstur í Hafnarfirði af öllum sveitarfélögum á Íslandi.

FLESTIR Á BIÐLISTA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Alls voru tæplega 1700 umsækjendur á biðlista eftir félagslegu húsnæði hér á landi um síðustu áramót. Tæplega 90% þeirra voru einstaklingar og einstæðir foreldrar á höfuðborgarsvæðinu. Samtals voru um 800 börn á heimilum sem voru á biðlista, þar aftæplega 100 í Hafnarfirði. Fjöldi þeirra sem er á biðlista hverju sinni segir því ekki nema hálfa söguna því að baki þeim stóra hópi fullorðinna er vanalega mikill fjöldi barna sem á rétt á að búa við viðunandi húsnæðis-skilyrði en gerir það ekki. Að meðaltali á landinu öllu var biðtíminn eftir félags-

legri íbúð rúmlega eitt ár en í Hafnarfirði beið fólk að meðaltali í fjögur ár.

SUM SVEITARFÉLÖG STANDA SIG BETUR EN ÖNNUR




Gunnar Axel Axelsson

Það vekur athygli að staða þessa málaflokks er umtalsvert verri í Hafnarfirði en í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og Kópavogi. Garðabær, Seltjarnarnes og Mosfellsbær skera sig þó úr í þeim samanburði fyrir þær sakir að þar er framboð félagslegra íbúða minna en í öðrum sveitarfélögum. Þess ber að geta að Garðabær og Seltjarnarnes skera sig einnig úr að því leyti að þau rúka íbúa sína um útsvar sem er lægra en það sem aðrir íbúar landsins greiða að meðaltali. Það geta þau gert vegna þess að þau taka ekki þátt í að veita sömu þjónustu.

Í því samfélagi sem mótaðist hér á landi fyrir hrún, þar sem ríkjandi hugarfar var orðið býsna skakkt á mörgum sviðum, voru þessi sveitarfélög tilgreind sérstaklega í árlegri samantekt um best reknun sveitarfélögu landsins og

nefnd fyrirmyndarsveitarfélög. Þrátt fyrir að flestir séu sem betur fer búnir að uppgötva að það er nákvæmlega ekkert til fyrirmyndar við það að velja ábyrgðinni yfir á aðra hefur Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði augljóslega ekki enn kveikt á þeirri peru. Hann er enn að berjast fyrir lægra útsvari og minni grunnþjónustu.

Reykjavík og Kópavog og uppfylla eigin húsnæðisáætlun þarf að bæta við ríflega 240-250 félagslegum íbúðum á næstu 2-3 árum. Miðað við 35 milljóna króna meðalverð íbúðar jafngildir það fjárfestingaþörf upp á um 9 milljarða króna. Bundnar eru vonir við að þátttaka bæjarins í samstarfsverkefni ASÍ um byggingu nýrra leiguíbúða létti eitthvað á þessari þörf en þó aldrei nema að takmörkuðu leyti. Eftir sem áður er þörfin mikil og fyrir séð að lítið svigrúm verði til annarra fjárfestinga næstu ár ef tryggja á að Hafnarfjörður standi undir lögboðnu hlutverki sínu samhliða því að ráðist verði er í nauðsynlegt viðhald




ÞÖRF FYRIR 100 NÝJAR ÍBÚÐIR Á ÁRI

Ef Hafnarfjörður ætlar að standast samanburð við nágrennasveitarfélögin

og endurbætur á núverandi eignum bæjarins, m.a. húsnæði leik- og grunnskóla.

Höfundur er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar.



Siglinganámsskeið

Í sumar mun Siglingaklúbburinn Þytur bjóða upp á siglinganámsskeið fyrir börn og unglinga 10 ára og eldri, fædd 2007 og fyrr.



Innritun á
www.sailing.is

Kennt er eftir nýrri námskrá sem Siglingasamband Íslands hefur látið þýða og staðfæra. Þátttakendum er kennt að bregðast við sibreytilegum aðstæðum, siglingar á kayak og seglbátum, siglingareglur og umgengni um báta og búnað þeirra.

Í lok námskeiða gerum við okkur dagamun, hoppum í sjóinn, buslum og endum á grillveislu.

Hvert námskeið er í tvær vikur hálfan daginn kl. 9-12 eða kl. 13-16.

Kennt er í aðstöðu Þyts, Strandgötu 88 og við Hafnarfjarðarhöfn.

Síðustu námskeiðin hefjast 10. júlí!

10. júlí - 21. júlí (fyrir hádegi) 10. júlí - 21. júlí (eftir hádegi)



Verð: 15.500 kr. fyrir tveggja vikna námskeið og félagsaðild.

Siglingaklúbburinn Þytur, kt.: 680978-0189 Sími 555 3422 Bankareikningur: 0545-26-987

Sönghátíð á Hrafnistu

Nú stendur yfir Sönghátíð í Hafnarborg með tónleikum og námskeiðum. Tveir flytjendur þau Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran og Francisco Javier Jáuregui gítarleikari gáfu sér tíma til að heimsækja vistfólk á Hrafnistu og sungu fyrir þau.

Fengu þau mjög góðar viðtökur enda söngelskandi fólk sem mætt var.



Lýðn.: Guðni Ólafsson



Lýðn.: Guðni Ólafsson

OPIÐ

ALLAN SÓLARHRINGINN

Í GARÐABÆ



SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt og önnur smáverk. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Bílaþrif. Kem og sæki. Bón verndar

bílinn. Urvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.

Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Sýningin Landsýn - í fótspor Jóhannesar Larsen með ljósmyndum Einars Fals Ingólfssonar og teikningum Jóhannesar stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýningin „Dáíð er allt án drauma“ með listakonunum Söru Gunnarsdóttur og Unu Lorenzen.

Sönghátíð

- Þóra Einarsdóttir, sópran og virkir nemendur á master class söngnámskeiði Þóru syngja við undirleik Matthildar Önnur Gísladóttur á tónleikum í Hafnarborg **í kvöld kl. 20**.
- „Ást í meinum“ er yfirskrift tónleika Dísellu Lárusdóttur, sópran og Guðrúnar Jóhannu Ólafsdóttur, mezzósópran **á föstudag kl. 20**. Með þeim leika gítarleikarinn Francisco Javier Jáuregui og Hrönn Bránsdóttir á píanó.
- „Speglasalur tilfinninganna“ er yfirskrift tónleika Hallveigar Rúnarsdóttur sópran á laugardag kl. 17 en með henni leikur Hrönn Bránsdóttir á píanó.
- Lokatónleikar Sönghátíðar í Hafnarborg verða **á sunnudag kl. 20**, en þá koma fam Dísella Lárusdóttir sópran, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran, Francisco Javier Jáuregui á gítar, Hrönn Bránsdóttir á píanó og Guja Sandholt, mezzósópran.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

FH dróst gegn Leikni

FH fær 1. deildar liðið Leikni úr Reykjavík í heimsókn í undanúrslitum bikarkeppni karla í fótbolta. Leikið verður 28. júlí kl. 19.15. Þetta er fyrsti undanúrslitaleikur Leiknis í sögu félagsins.

Samningur um kaup á St. Jósefsspítala undirritaður

Hafnarfjarðarbær kaupir aðalbyggingu St. Jósefsspítala af ríkinu

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar og Benedikt Jóhannesson fjármála- og efnahagsráðherra skrifuðu sl. föstudag undir samning um kaup Hafnarfjarðarbæjar á 85% eignarhlut ríkisins í aðalbyggingu St. Jósefsspítala. Fyrir átti Hafnarfjarðarbær 15%.

Við kaupin skuldbindur Hafnarfjarðarbær sig til að reka almannapjónustu í húsinu að lágmarki í 15 ár frá undirritun samnings. Með almennapjónustu er átt við starfsemi í félagspjónustu, heilbrigðisþjónustu, menningar- eða fræðslustarfsemi eða annarri sambærilegri þjónustu sem almenn-ingur sækir í sveitarfélaginu. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig jafnframt til að hefja rekstur í fasteigninni innan 3 ára frá undirritun samnings.

Kaupverð er 100 milljónir króna og húsið verður afhent 15. ágúst 2017. Verðið endurspeglar fyrirhugaða nýtingu hússins í almannapágu. Þá er í samningnum ákvæði um herra verð verði horfið frá þeim áformum. Er samningurinn í samræmi við tilboð sem ráðuneytið sendi Hafnarfjarðarbæ 13. janúar sl.

Starfshópur um framtíð St. Jósefsspítala var skipaður á síðasta fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar og mun hann kortleggja möguleika og leggja fram tillögu að framtíðarnýtingu húsnæðisins fyrir 10. október n.k. Starfshópurinn skipa þau Guðrún Berta Danielsdóttir, Sigríður Björk Jónsdóttir, Karl Guðmundsson og Elva Dögg Ásúðóttir Kristinsdóttir. Starfsmaður og verkefnastjóri hópsins er Sigríður Kristins-

dóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Hafnarfjarðarbæjar og bæjarlögmaður.

„St. Jósefsspítali hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir íbúa og aðra vel-

nýtt hlutverk og að ríkið og Hafnarfjarðarbær hafi náð samkomulagi um fyrirkomulag sem tekur tillit til hagsmuna beggja,“ segir Benedikt Jóhann-



Fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar og fjármála- og efnahagsráðuneytis utan Bookless Bungalow húsið eftir undirritun samningsins.

unnara Hafnarfjarðarbæjar. Mikill vilji er fyrir því að koma húsnæðinu í gott lag og í notkun sem fyrst. Fjölmargir aðilar hafa þegar sýnt húsnæðinu áhuga bæði til tímabundinna verkefna og til framtíðar litið. Nýskipaður starfshópur mun fá allar hugmyndir og fyrirspurnir inn á borð til sín og marka línurnar,“ segir Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ og ráðuneytinu.

„Við fögnum því að þessu sögufræga húsi verði sýndur fullur sómi og fundið

esson fjármála- og efnahagsráðherra.

Engin starfsemi hefur verið í St. Jósefsspítala frá því að honum var lokað við árslok 2011. Viðræður við sveitarfélagið hafa staðið yfir síðan með hléum. Ítarlegar kannanir hafa farið fram á möguleikum til nýtingar á eignunum á vegum ríkisins, en án árangurs. Fjármála- og efnahagsráðuneytið tók yfir umsjón með spítalanum árið 2014 frá velferðarráðuneytinu. Heimild hefur verið í fjárlögum síðan árið 2013 fyrir sölu.

Vilja að fyrir liggi skilgreining á almannapjónustu

Hollvinasamtök vilja heilbrigðisþjónustu í St. Jósefsspítala

Aðalfundur Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala var haldinn þann 8. júní sl. Markmið og tilgangur félagsins er að koma af stað heilbrigðisþjónustu í St. Jósefsspítala og bæta þá þjónustu í Hafnarfirði, Hafnfirðingum og öðrum til hagnóta.

Aðalfundurinn skoraði á bæjaryfirvöld að fyrir lægi skilgreining á þeirri almannapjónustu sem fyrirhuguð er í St. Jósefsspítala, áður en starfsnefnd um málefni St. Jósefsspítala yrði skipuð af fulltrúum allra flokka í bæjarstjórn. Þá var óskað eftir fundi með nefndinni.

„Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja brýna nauðsyn þess að í þeirri skilgreiningu verði tekið mið af skyld-

um bæjaryfirvalda til þjónustu á mál-efnum fatlaðra og aldraðra. Jafnframt verði bæjarbúum kynnt staðan á þeirri heilbrigðisþjónustu sem fellur undir skyldur sveitarfélagsins.

Aðalfundur Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala telur að með því að skilgreina heilbrigðisþjónustu í St. Jósefsspítala geti Hafnarfjörður orðið í fararbroddi í forvöðum, eftirfylgd og endurhæfingu við bæjarbúa á öllum sviðum og aukið þannig lífsgæði Hafnfirðinga til framtíðar.“

FARSÆL EFRI ÁR

Mikil umræða varð um „Fjölbætta heilsurækt í sveitarfélögum - Leið að

farsælum efri árum“, erindi Janusar Guðlaugssonar og þau miklu tækifæri sem liggja í verkefni eins og hann er með í öðrum sveitarfélögum. Tækifæri fyrir Hafnfirðinga og nýtingu St. Jósefsspítala í því sambandi.

STEINUNN ÁFRAM FORMAÐUR

Steinunn Guðnadóttir var endurkjörin sem formaður, en aðrir í stjórn eru Guðrún Bryndís Karlsdóttir ritari, Þórður Helgason, Stefánía Ámunda-dóttir gjaldkeri og Ingvar Árni Sverrisson. Til að gerast hollvinur er e-mailið : st.josefsspitali@gmail.com

Vilja leigja Kjóadal fyrir 4.167 kr. á mánuði

Fyrirtækið Ferðasaga hefur óskað eftir því við Hafnarfjarðarbæ að fá að taka Kjóadal á leigu sem hvíldarhólf fyrir reiðhesta. Fyrirtækið er með litla persónulega hestaleigu, eins og segir í umsókninni en forsvarsmaður Ferðasögu er jafnframt rekstrarstjóri Hraunhesta sem hefur aðsetur á Kaplaskeiði.

Íshestar hefur undanfarin ár haft Kjóadal leigulaust undir sína hesta en hafa einnig ekið þangað gríðarlega miklu magni af hrossaskít, langt umfram það sem notað er til áburðar á túninu.

Kjóadalur er suð-austan við Hval-eyrarvatn og í hlíðum hans voru um tíma kartöflugarðar bæjarbúa.



Gatnaframkvæmdir!

Vegna gatnaframkvæmda getur verið erfitt
að komast til okkar.

Hjáleið bakvið Fjörð og góð aðkoma frá Strandgötu



Verið velkomin
í Bike Cave :D

Hafnarborg, Hafnarfirði • Opíð alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 571 3144 • Erum á Facebook

ÍÞRÓTTIR

Fótbolti:

7. júlí kl. 19.15, Kaplakriki
FH - Víkingur Ó., úrvalsdeild karla

7. júlí kl. 19.15, Árbær
Fylkir - Haukar, 1. deild karla

11. júlí kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Selfoss, 1. deild karla

ÚRSLIT KARLA:

Breiðablik - FH: 1-2
Haukar - Leiknir F.: 5-0
Fylkir - FH: 0-1

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Grindavík: 1-2

Varamenn fá föst laun

Bæjarráð hefur, þegar bæjarstjórn er komin í sumarfrí, ákveðið að fulltrúar í nefndum fái framvegis föst laun fyrir störf sín í stað þess að fá greitt fyrir hvern fund.

154% HÆKKUN FRÁ 2015

Samþykkt bæjarráðs hefur það í för með sér að laun varabæjarfulltrúa og varamanna í bæjarráði hækka og verða heildarútgjöldin tæpar 3,8 milljónir kr. á ári í stað 2,1 millj. kr. sem nú er og er það 77,8% hækkun og 153,6% hækkun frá 2015!

Þó tillögum hafi verið samþykktar í bæjarráði fylgja þær ekki fundargögnum ef undan er skilið skjal sem sýni helstu breytingar.

BÆJARSTJÓRNARFUNDIR KL. 17

Þá var samþykkt að færa fundartíma bæjarstjórnarfunda frá kl. 14 til kl. 17 og samþykkt að leggja til breytingar á samþykktum Hafnarfjarðarbæjar. Færi fyrir umræða fram á næsta bæjarráðsfundi og síðari umræða á fyrsta fundi bæjarstjórnar eftir sumarfrí, seint í ágúst.

Svikin loforð í Suðurbæ

Þær eru orðnar ófáar greinamar sem ég hef ritað um leikskólamáli í Hafnarfirði á yfirstandandi kjörtímabili. Undantekningalaust hafa þær fjallað um niðurskurð eða lokanir á leikskólaúrræðum. Þessi málaflokkur virðist því miður ekki ofarlega á blaði hjá núverandi meirihluta Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar.



Adda María
Jóhannsdóttir

LOKANIR ÞRÁTT FYRIR SKORT Á PLÁSSUM

Á fyrri tveimur árum kjörtímabilsins var ráðist í miklar hagræðingaraðgerðir sem bitnuðu illa á leik- og grunnskólum bæjarins. Fjörum leikskólaúrræðum var lokað sem kunnugt er – Ungbarnaleikskólanum Bjarma, 5 ára deild við Hvaleyrarskóla, útteild Viðivalla í Kaldárseli og starfsstöð Brekkuhvams við Hlíðarbraut (Kató).

Þrátt fyrir kröftug mótmæli foreldra í Suðurbæ var Kató lokað sl. vor. Í aðdraganda þeirrar lokunar bentum við ítrekað á skort á leikskólaþlássum í hverfinu en með brotthvarfi Kató varð Suðurbærinn það hverfi í bænum sem mestur skortur er á plássum. Í kjölfarið var samþykkt tillaga í bæjarstjórn þann 13. apríl 2016 um kostnaðarúttekt á möguleikum til þess að fjölga leikskólaþlássum í hverfinu. Tillagan byggði á minnisblaði sviðsstjóra fræðslusviðs sem staðfesti að öllu leyti ábendingar okkar um stöðuna.

MÁLIÐ SVÆFT OG LOFORD SVIKIN

Skemmst er frá því að segja að ekkert hefur gerst frekar í þessu máli. Því var stungið ofan í skúffu og það svæft. Úttektin sem gerð var og tillagan um kostnaðargreiningu voru hreinn leikara-

skapur og ekki til annars ætluð en teffa málið.

Lokun Kató var illa ígrunduð ákvörðun. Hún var tekin út frá excel-skjali en ekki miðað við þarfir íbúanna í hverfinu og engin áform virðast vera um úrbætur.

FRAMTÍÐIN EKKI BJÖRT

Í bókun frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar á fundi bæjarstjórnar þann 16. mars 2016 er fullyrt að það sé vilji meirihlutans að veita þjónustu sem næst heimilum barna og niðurstöður minnisblaðsins umrædda verði nýttar til frekari ákvarðanna um aukna þjónustu í leikskólamáli í framtíðinni. Hvenær sú framtíð rennur upp er ekki gott að segja en ljóst er að það verður ekki á þessu kjörtímabili. Framtíðin er því ekki björt fyrir íbúa í Suðurbæ, enda leikskólamál ekki í forgangi hjá núverandi meirihluta.

Höfundur er bæjarfulltrúi
Samfylkingar.

Sumarsund fyrir börn 4-10 ára

Sundfélag Hafnarfjarðar verður með
sundnámskeið fyrir börn, bæði synd og ósynd,
í Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug, Sundhöllinni
og Lækjarskólalaug.

Námskeiðin standa yfir í tvær vikur eða 10 skipti.

Bráðskemmtileg námskeið sem allir hafa gaman af!

Nánari upplýsingar og innritun má finna á www.sh.is



Tímabil í boði:
10. – 21. júlí
24. júlí – 4. ágúst



RioTinto
styrkir barna- og unglingastarf SH

Veisla fyrir vinnustadinn
Sólskin í glasi og
sælkerasamlökur
 veisla@lemon.is
Lemon



Þú getur tekið þátt!



Finndu Raleikinn á Facebook!
 Stendur til 25. september

Eykt byggir nýjan skóla í Skarðshlíð

Byggingarfyrirtækið Eykt mun byggja nýjan skóla í Skarðshlíð en auglýst var eftir tilboðum í byggingu hans í alútbóði. Umhverfis- og framkvæmdaráð fól umhverfis- og skipulagsþjónustu að leita eftir samningum við Eykt ehf.

Tvö tilboð voru metin hæf, tilboð Ístaks sem vað að upphæð 4.976.609.820 kr. og tilboð Eyktar sem var upp á 3.979.077.264 kr. og var því tekið.


Það kostar því um 4 milljarða að byggja skólann allan.

1. áfangi verður tekinn í notkun haustið 2018, 2. áfangi ári síðar og fullbúinn skóli, leikskóli, tónlistarskóli og íþróttahús fullbúið með útsvæðum haustið 2020. Skólahald hefst í haust í húsakynnum Ástjarnarkirkju.



Aðeins tveir vilja leigja af bænum

Aðeins tveir hafa sent inn tilboð í leigu á Strandgötu 4 en annar tilboðsgjafanna, Fast ráðningar ehf., vill leigja um 100 m² rishæð á 2.350 kr./m² undir ráðningarstofu og jafnvel verkfræðistofu.

Hinn tilboðsgjafinn, Bæjarbíó slf. vill leigja allt húsið fyrir sig og samstarfsaðila sem vilja koma upp einskonar klasasamstarfi í húsinu. Bæjarbíó vill hins vegar aðeins greiða 600-800 kr./m² að undanskildum kjallara sem ekki sé leiguhæfur.



Marmot®
 ÞÚ FINNUR MUNINN!

 Marmot
  SCARPA
  Smartwool
  PETZL
  Black Diamond
  Julbo

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN